

Skotíþróttasambandið hefur valið í landsliðið okkar sem fer til keppni í Þýskalandi dagana 16. til 21.maí n.k. Í skeet-haglabyssuliðið voru valdir þeir Örn Valdimarsson úr SR, Sigurpór Jóhannesson úr SÍH og Hákon Þ.Svavarsson frá SFS. Í Loftskammbyssu voru valdir tveir keppendur, þau Ásgeir Sigurgeirsson og Jórunn Harðardóttir bæði úr SR. Við eigum því 3 keppendur í þessari ferð og erum auðvitað stolt af því. Við óskum þeim alls hins besta á mótinu.